

Reykjavík, 3. júní 2011



Áskorun Hagsmunasamtaka heimilanna

Hagsmunasamtök heimilanna skora á embætti Umboðsmanns skuldara að krefja nú þegar fjármálfyrirtæki um brýnar úrbætur á endurútreikningum ólöglegra gengistryggðra lána. Úrbæturnar miði að því að fjármálfyrirtækin styðjist við eina samræmda og gagnsæja aðferð við endurútreikningana, í samræmi við lög, Evróputilskipanir og góða viðskiptahætti.

Hagsmunasamtök heimilanna hafa í dag skorað á Alþingi að nema lög nr. 151/2010 nú þegar úr gildi. Gangi það ekki eftir fyrir áætluð þinglok 9. júní n.k. er afar brýnt að Umboðsmaður skuldara hafi heimild til að krefja fjármálfyrirtæki um áðurnefndar úrbætur.

Jafnframt skora Hagsmunasamtök heimilanna á embætti að það krefji fjármálfyrirtækin um tafarlausar skýringar á þeirri innheimtu sem þau hafa staðið að á grundvelli laganna nr. 151/2010. Í framhaldi af því verði gengið úr skugga um hvort fyrirtækin hafi haft fé ranglega af viðskiptavinum sínum með afturvirkum útreikningum eða öðrum ólögmætum hætti og úrbóta krafist ef svo reynist vera.

Hagsmunasamtök heimilanna benda á að samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XI í lögum um vexti og verðtryggingu, með samþykktum breytingum frá því í desember s.l., er Umboðsmanni skuldara skyld að afla skýringa á útreikningum fjármálfyrirtækjanna á ólöglega gengistryggðum útlánum. Þá veitir ákvæðið embættinu einnig heimild til að kveða á um úrbætur, telji það útreikninga ekki í samræmi við lög nr. 151/2010, auk þess sem umboðsmaðurinn getur farið fram á heimild ráðherra til að krefjast úrbóta, sé þess talið þörf.

Hagsmunasamtök heimilanna gagnrýna harðlega þau vinnubrögð við nýlega könnun á endurútreikningum gengistryggðra lána að byggja hana einvörðungu á vitnisburði fjármálfyrirtækjanna sjálfra, en ekki á raunverulegri innheimtu lánanna. Engin ástæða er til að ætla að hinir brotlegu segi satt frá um eigið athæfi. Margir einstaklingar telja að fjármálfyrirtækin reikni með vafasönum hætti, eins og rannsóknir óháðra endurskoðenda og lögmanna hafa nú einnig gefið til kynna. Hagsmunasamtök heimilanna krefjast sjálfstæðrar rannsóknar á því með hvaða hætti endurútreikningar birtast á raunverulegum innheimtuseðlum. Án slikra sönnunargagna er ómögulegt að meta sannleiksgildi órókstuddra fullyrðinga fjármálfyrirtækjanna, hvað þá réttmæti endurútreikninganna.

Mikill vafi leikur á um hvað sé rétt reikniaðferð samkvæmt lögum nr. 151/2010. Niðurstöður úttektar Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands á endurútreikningum eru þessu marki brenndar, svo mikil er reyndar óvissan að helmingur greinargerðarinnar fjallar um hin ýmsu vafaatriði sem ekki er tekin afstaða til, eða þá að sú afstaða er bæði í ósamræmi við reiknilíkan skýrsluhöfunda sjálfra sem og túlkun óháðra lögfræðinga og endurskoðenda. Það er því fullkomlega óljóst á hverju niðurstöðurnar byggja, nema ef vera skyldi eftiröpun á reikniaðferðum fjármálfyrirtækjanna eins og þær endurspeglast í sýnidæmum þeirra sjálfra.

Sérstaka athygli vekur að hvorki Lagastofnun Háskóla Íslands né Háskólans í Reykjavík sáu sér fært að veita álit um rétta túlkun laganna. Varla þarf frekari vitnisburð um þá alvarlegu meinbugi sem eru á lögum nr. 151/2010 að jafnvel æðstu sérfræðistofnanir skuli ekki treysta sér til að skýra þau.

Hagsmunasamtök heimilanna skora á Umboðsmann skuldara að sjá til þess að innheimta endurreiknaðra lána verði stöðvuð þar til rétt reikniaðferð hefur verið skilgreind svo sannreyna megi innheimtuseðla, eða lög nr. 151/2010 hafa verið felld úr gildi og tekin til endurskoðunar.